

## 10. Greinargerð um aðferðir og hugtök

### 10. Synopsis of methods and concepts

Í kafla 10.1 er fjallað um vinnumarkaðsrannsóknir Hagstofu Íslands, framkvæmd þeirra, áreiðanleika talna og helstu hugtök sem notuð eru. Þá er fjallað á svipaðan hátt um annað talnaefni skýrslunnar í köflum 10.2–10.5.

#### 10.1 Vinnumarkaðsrannsóknir Hagstofu Íslands

##### 10.1.1 Aðdragandi

Hér á landi hafa upplýsingar launagreiðenda um fjölda vinnuvikna samkvæmt launamiðum lengi verið ein helsta undirstaða mælinga á stærð vinnumarkaðar og fjölda ársverka eftir atvinnugreinum, kyni og búsetu. Þá hefur skráð atvinnuleysi hjá opinberum vinnumiðlunum legið til grundvallar mati á atvinnuleysi. Ýmsir ágallar hafa verið á þessum gögnum. Upplýsingarnar um fjölda vinnuvikna hafa ekki verið nákvæmar og því ekki verið hægt að draga ályktanir af þeim um vinnutíma, starfsstétt og fleira. Þá hafa upplýsingar um atvinnuleysi verið ósambærilegar við gögn um atvinnuleysi erlendis og einskorðast við talningu á skráðum atvinnulausum einstaklingum eftir kyni og fæinum öðrum atriðum.

Í lok 9. áratugarins afréð Hagstofan að efna til reglubundinna rannsókna til að afla haldbærra og greinargóðra gagna um vinnumarkaðinn hér á landi. Leitað var fyrirmynda annars staðar á Norðurlöndum og athugaðar sambærilegar kannanir í löndum Evrópubandalagsins.

Fyrsta könnunin fór fram í apríl 1991. Kannanir hafa síðan verið gerðar í apríl og nóvember ár hvert.

##### 10.1.2 Framkvæmd

**Spurningalisti.** Spurningar í vinnumarkaðsrannsóknunum Hagstofunnar eru byggðar á ýmsum fyrirmyndum úr sambærilegum könnunum í nágrannalöndunum, einkum á Norðurlöndum. Þá hefur það verið haft að leiðarljósi að gögnin þarf að senda í stöðluðu formi til Hagstofu Evrópusambandsins í samræmi við samninga um Evrópska efnahagssvæðið.

**Tímasetning og fjöldi spyrna.** Þátttakendur í hverri könnun eru spurðir um atvinnuþátttöku í tiltekinni viku, svokallaðri viðmiðunarvikunni. Viðmiðunarvikan byrjar á laugardegi og

Chapter 10.1 deals with the Icelandic Labour Force Survey (LFS): its methods, the reliability of its figures, and the principal concepts used. Other data sources of this report are discussed in a similar manner in chapters 10.2–10.5.

#### 10.1 Icelandic Labour Force Survey

##### 10.1.1. Previous labour force statistics

The principal foundation for measuring the size of the labour market in Iceland, along with the number of man-years by economic activity, sex and residence, has for a long time been information from wage-payers on the number of working weeks as given on wage slips. In addition, the registration of unemployment at official employment agencies has been the basis for estimating unemployment. These data, however, have assorted shortcomings. The information on the number of working weeks has been inexact, so that it was impossible to draw conclusions from it on working hours, occupation, etc. Moreover, the information on unemployment has not been comparable to data on unemployment in foreign countries and has been confined to counting the individuals registered as unemployed according to sex and a few other items.

At the end of the 1980s, Statistics Iceland (SI) decided to establish regular research in order to obtain reliable, illuminating data on the domestic labour market. Models were sought elsewhere in the Nordic countries, and comparable surveys in countries of the European Community were examined.

The first survey was conducted in April 1991 and since then the survey has been conducted in April and November of every year.

##### 10.1.2. Implementation

**Questionnaire.** Questions in the LFS of Statistics Iceland are based on various models in comparable questionnaires used in neighbouring countries, particularly the Nordic countries. It was borne in mind that the questionnaire must be sent in standardised form to the Statistical Office of the European Communities (Eurostat) in accordance with agreements on the EEA.

**Scheduling and number of interviewers.** Those participating in each survey are asked about their employment activity in a certain week, called the reference week. The

**Tafla 10.1** Viðmiðunarvikur og meðalviðtalstími 2000–2002

Table 10.1 Reference weeks and mean length of interview 2000–2002

	Framkvæmdatími Survey period	Viðmiðunartími Reference weeks	Fjöldi spyrna Number of interviewers	Meðalviðtalstími Mean length of interview
Apríl 2000	10.–18. apríl	1.–14. apríl	22	6,9 mín.
Nóvember 2000	11.–22. nóv.	4.–17. nóv.	23	6,8 mín.
Apríl 2001	31.mars–11. apríl	24. mars – 6. apríl	28	6,5 mín.
Nóvember 2001	10.–21. nóv.	3.–16. nóv.	26	6,3 mín.
Apríl 2002	13.–24. apríl	6.–19. apríl	29	6,7 mín.
Nóvember 2002	9.–20. nóv.	2.–15. nóv.	26	6,0 mín.

er síðasta heila vikan áður en viðtal fer fram. Þar eð gagnaöflun stendur yfir í 10–12 daga er viðmiðunarvikan færð fram á áttunda degi fyrir þá þátttakendur sem þá eru eftir. Í fyrstu könnuninni var viðmiðunarvikan þó aðeins ein. Venjulega er miðað við að fyrri viðmiðunaryfirlit sé fyrsta eða önnur vika mánaðar.

Eftir 1991 hafa spyrjar verið ráðnir til að hringja til þátttakenda. Reynt hefur verið að ráða aðeins fólk með reynslu í framkvæmd símakannana. Áður en kannanirnar hefjast fá spyrjar til sögn í viðtalstækni, farið er yfir spurningalistann, tölvukerfið og vafaatriði útskýrð.

**Gagnaöflun.** Upplýsinga í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er aflað með símaviðtölum. Aðallega er hringt á kvöldin og um helgar. Einnig er reynt að hringja að degi til í þátttakendur sem upplýsingar frá öðrum heimilismönnum gefa til kynna að séu helst viðlátir þá. Símanúmer fólks í úrtakinu eru fengin frá Landssímanum hf. Ítarlegar tilraunir eru gerðar til þess að hafa uppi á þeim sem hafa skipt um aðsetur eða hafa ekki heimasíma. Ekki er farið heim til þátttakenda.

Í nóvember 1992 var tekin upp sú nýbreytni að nota tölvur við gagnaöflun. Notað er forritið BLAISE sem Hagstofa Hollands hefur þróað. Forrit þetta sparar tíma við framkvæmd, auðveldar spyrjum að velja rétta röð spurninga og fækkar skekkjum. Ekki síst hefur það gjörbreytt vinnubrögðum við úrvinnslu á gögnum þar sem tíminn frá því könnun lýkur og þar til fyrstu niðurstöður liggja fyrir hefur styst verulega. Svör við spurningum um starf, fyrirtæki og atvinnu voru áfram skráð á sérstök eyðublöð þar til í nóvember 1993 þegar spurningalistinn var allur gerður tölvutækur.

**Úrtak og heimtur.** Í úrtökuramma hverrar vinnumarkaðsrannsóknar eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16–74 ára skráðir eru í þjóðskrá og eiga lögheimili á Íslandi.

Stærð úrtaksins hverju sinni er um 4.400 einstaklingar. Þeim er skipt í fjóra hópa. Í hverri könnun er einn hópur úrtaksins í fyrsta sinn í viðtali, annar hópur í annað sinn og svo framvegis. Við hverja nýja könnun er hópnun sem verið hefur í úrtakinu fjórum sinnum skipt út fyrir nýjan 1.100 manna hóp. Nýju einstaklingarnir eru valdir með einfaldri hendingartöku án skila. Þátttakendur eru því alls fjórum sinnum í röð í rannsókninni. Þegar þátttöku er lokið er einstaklingi ekki skilað í úrtökurammann fyrr en tveimur árum eftir að hann var síðast í úrtaki. Hver nýr skiptihópur er valinn á Hagstofunni um hálfum mánuði áður en könnun hefst.

Í nóvember 1994 var úrtökuramma vinnumarkaðsrannsóknarinnar víkkaður. Hann nær nú einnig til 14 og 15 ára unglinga sem verða 16 ára áður en fjórða könnun frá því þeir eru valdir hefst. Jafnframt var skiptihópurinn stækkaður í 1.140 einstaklinga. Enginn telst þó til úrtaksins fyrr en hann hefur náð 16 ára aldri. Með þessu móti er tryggt að hlutfall 16 og 17 ára unglinga í úrtakinu gefi rétta mynd af hlutfalli þessara aldurshópa meðal þjóðarinnar.

Svarhlutfall í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar hefur verið nokkuð hátt miðað við aðrar úrtakskannanir hérlendis

reference week starts on a Saturday and is the last whole week before the interview occurs. Since acquiring the data takes 10–12 days, the reference week is moved forward on the eighth day for the participants who are still left, although the reference week in the first survey was a single one. Usually the object is that the former of the two reference weeks be the first or second week of a month.

Since after 1991, interviewers have been hired to phone the participants. Efforts have been made to hire only people with previous experience carrying out telephone surveys. Before each survey begins, the interviewers are instructed in interview techniques, reviewing the list of questions and computer system and explaining unclear issues.

**Data acquisition.** Information for the LFS of Statistics Iceland is acquired through telephone interviews. Most phone calls take place in the evenings and during weekends, but there are also efforts to phone participants during the daytime if information from other household members indicates they are most likely to be reached then. Telephone numbers for people in the sample are obtained from Iceland Telecom Ltd. Thoroughgoing attempts are made to reach those who have moved or do not have a home telephone, though no trips are undertaken to the participants' homes.

In November 1992 computer assistance was introduced in data acquisition, using the programme BLAISE, developed by Statistics Netherlands. This programme saves task time; it helps the interviewers choose the right series of queries and reduces errors. Not in the least, this has substantially modified procedures in data processing, so that the time from when the survey is completed until the first results are available has been shortened considerably. Answers to questions about economic activity, company and occupation continued to be written on special form sheets until November 1993, when the entire questionnaire was computerised.

**Sample and response.** The sampling frame for every LFS is drawn from all Icelandic and foreign citizens in the National Registry who are 16–74 years of age and domiciled in Iceland.

The size of the sample each time is around 4,400 individuals, divided into four rotation groups, so that in each survey one group from the sample is being interviewed for the first time, another group for the second time and so forth. When each new survey arrives, the group which has been in the sample four times is replaced by a new group of 1,100 persons. The new individuals are selected as a simple random sample without any rejections. In all, participants are thus studied four times in a row, and when participation is over they are not returned to the sampling frame until two years after having last belonged to a sample. Each new rotation group is chosen by Statistics Iceland about half a month before the survey starts.

In November 1994 the LFS sampling frame was extended so as now also to include young people 14 or 15 years of age who will have reached 16 years by the time the fourth survey from when they are selected begins. The size of the rotation group was also increased to 1,140 individuals, although no one is counted as part of the sample until becoming 16 years old. This procedure ensures that the proportion of 16 and 17-year-old youths in the sample will

**Tafla 10.2 Heimtur í vinnumarkaðskönnunum Hagstofu Íslands 2000–2002**

Table 10.2 Response in the labour force surveys 2000–2002

	Heildartölur <i>Absolute numbers</i>						Hlutfallstölur <i>Percent</i>					
	2000		2001		2002		2000		2001		2002	
	Apríl	Nóv.	Apríl	Nóv.	Apríl	Nóv.	Apríl	Nóv.	Apríl	Nóv.	Apríl	Nóv.
<b>Úrtak <i>Sample</i></b>	<b>4.477</b>	<b>4.477</b>	<b>4.475</b>	<b>4.456</b>	<b>4.449</b>	<b>4.452</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Látnir <i>Deceased</i>	7	13	12	11	9	8	0,2	0,3	0,3	0,2	0,2	0,2
Lögheimili erlendis <i>Domicile abroad</i>	36	45	37	39	34	49	0,8	1,0	0,8	0,9	0,8	1,1
Aðsetur erlendis <i>Residence abroad</i>	105	120	121	97	114	128	2,3	2,7	2,7	2,2	2,6	2,9
Hrein úrtaksstærð <i>Net sample size</i>	4.329	4.299	4.305	4.309	4.292	4.267	96,7	96,0	96,2	96,7	96,5	95,8
<b>Hreint úrtak <i>Net sample</i></b>	<b>4.329</b>	<b>4.299</b>	<b>4.305</b>	<b>4.309</b>	<b>4.292</b>	<b>4.267</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Svarendur <i>Respondents</i>	3.699	3.717	3.685	3.638	3.646	3.629	85,4	86,5	85,6	84,4	84,9	85,0
Neita <i>Refusals</i>	352	338	352	373	393	417	8,1	7,9	8,2	8,7	9,2	9,8
Veikir <i>Ill</i>	44	40	45	30	43	44	1,0	0,9	1,0	0,7	1,0	1,0
Fjarverandi <i>Away from home</i>	73	45	61	77	75	65	1,7	1,0	1,4	1,8	1,7	1,5
Finnast ekki <i>No contact</i>	161	159	162	191	135	112	3,7	3,7	3,8	4,4	3,1	2,6

eða um 85–90% af úrtakinu eftir að þeir eru dregnir frá sem eru látnir eða búsettir erlendis (sjá töflu 10.2).

Öllum þátttakendum er sent bréf nokkru áður en hver könnun hefst þar sem tilgangur hennar er útskýrður og samvinnu þeirra er óskað.

**10.1.3 Áreiðanleiki**

Villur og skekkjuvaldar í úrtakskönnunum má í grófum dráttum flokka í tvennt. Úrtökuskekkju og aðrar skekkjur. Hér á eftir er aðallega fjallað um þær skekkjur sem skipta máli í úrvinnslu vinnumarkaðskannana. Umfjöllunin er ekki tæmandi yfirlit yfir skekkjur í úrtakskönnunum.

**Úrtökuskekkja.** Úrtaksrannsóknir hafa ávallt ákveðna óvissu í för með sér, sem felst í því að úrtakið er ekki nákvæm eftirmynd af heildarskránni eða þýðinu. Þar sem þessi óvissa ræðst af hendingu er unnt að reikna út öryggismörk fyrir þær stærðir sem metnar eru. Í töflu 10.3 eru sýnd öryggismörk fyrir metnar stærðir í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, miðað við 95% öryggisstig. Til að finna öryggismörk fyrir stærðina 5.300 – þ.e. fjölda atvinnulausra 2002 – er fundin sú tala í vinstra dálki sem kemst næst þeim fjölda, þ.e. 5.000. Öryggismörkin eru síðan fundin í dálknum lengst til hægri,  $\pm 800$ . Af því má álykta að 95% líkur séu á því að meðalatvinnuleysi 2002 hafi verið á bilinu 4.500 til 6.100.

Sé stærð hóps metin minni en 1.000 fer staðalvillu-hlutfallið, þ.e. hlutfall staðalvillunnar af metnu stærðinni, yfir 20%. Ætlaðar stærðir, hlutfallstölur og meðaltöl fyrir smærri hópa en 1.000 eru sérstaklega auðkenndar með stjörnu (\*), sbr. t.d. töflu 10.4.

accurately reflect the proportion of these age groups within the nation.

The net response rate in the LFS has been rather high compared with other sample surveys in Iceland: approximately 85-90% of the sample after eliminating deceased persons and persons with a domicile abroad (cf. Table 10.2).

Sometime prior to the commencement of each survey every participant receives a letter from Statistics Iceland explaining the purpose of the survey and requesting their cooperation.

**10.1.3. Reliability**

In sample surveys, errors and causes of deviation fall into roughly two categories: sampling errors and other errors. The following addresses primarily those errors that are of significance while processing the LFS and is not a comprehensive discussion of errors in sample surveys.

**Sampling errors.** Every sample survey entails a degree of uncertainty because of the sample not being an exact reflection of the entire registry or population. Because of the random nature of this uncertainty, it is possible to calculate the confidence limits for the numbers being estimated. The confidence limits for the numbers estimated in the LFS of Statistics Iceland are shown in Table 10.3 for a confidence level of 95%. To find the confidence limits for a number of 5,300 (i.e., the number of unemployed in 2002) one locates the figure in the left column that most closely approximates this quantity, which is 5,000. Next, the confidence limits are found in the column farthest to the right:  $\pm 800$ . From this it is possible to conclude that there is a 95% probability of the average unemployment in 2002 having ranged between 4,500 and 6,100.

Should the size of a group be estimated as less than 1,000, the relative standard error, i.e. the ratio of the standard error to the estimated number, rises above 20%. The estimated numbers, proportions and averages for groups smaller than

**Tafla 10.3 Staðalvilla, staðalvilluhlutfall og öryggismörk í vinnumarkaðskönnunum Hagstofu Íslands**

Table 10.3 Standard error, relative standard error and confidence limits in the labour force surveys

Metinn fjöldi <i>Estimated number</i>	Staðalvilla <i>Standar error</i>	Staðalvilluhlutfall <i>Relative standard error</i>	Öryggismörk <i>Confidence limits</i>
1.000	200	19,1	± 400
3.000	300	11,0	± 600
5.000	400	8,4	± 800
8.000	500	6,6	± 1.000
12.000	600	5,3	± 1.200
17.000	800	4,4	± 1.600
23.000	900	3,7	± 1.800
31.000	1.000	3,1	± 2.000
41.000	1.100	2,6	± 2.200
56.000	1.200	2,1	± 2.400
90.000	1.300	1,4	± 2.600

**Aðrar skekkjur.** Aðrar skekkjur en úrtökuskekkju má flokka í þrennt. Þekjuskekkjur, brottfallsskekkjur og aðrar skekkjur.

**Þekjuskekkjur.** Eins og áður er getið er úrtak vinnumarkaðskannana tekið úr hópi fólks á aldrinum 16–74 ára sem hefur lögheimili á Íslandi skv. þjóðskrá. Í þjóðskránni

1,000 are especially identified by asterisks (\*), as for example in Table 10.4.

**Other errors.** Errors other than sampling errors can be placed in three categories: coverage errors, non-response errors and other errors.

**Coverage errors.** As mentioned above, samples for the LFS are taken from the group of people aged 16-74 and domiciled in Iceland, according to the National Registry. In

**Tafla 10.4 Meðalmannfjöldi 16–74 ára eftir aldri og aðsetri 1991–2002**

Table 10.4 Mean population 16–74 years by age groups and residence 1991–2002

Áætlaðar tölur	1991–1995	1996–2000	1999	2000	2001	2002	<i>Estimated number</i>
<b>Alls</b>	<b>181.783</b>	<b>191.772</b>	<b>194.363</b>	<b>197.486</b>	<b>200.495</b>	<b>202.234</b>	<b>Total</b>
16–24 ára	37.538	38.282	38.527	38.873	38.965	38.724	16–24 years
25–34 ára	42.747	40.996	41.028	41.302	41.716	41.480	25–34 years
35–44 ára	38.008	41.160	41.832	42.334	42.763	42.889	35–44 years
45–54 ára	26.321	32.400	33.564	34.553	35.724	36.807	45–54 years
55–64 ára	20.563	20.914	21.323	22.092	22.931	23.962	55–64 years
65–74 ára	16.606	18.020	18.089	18.332	18.396	18.372	65–74 years
<b>Á Íslandi</b>	<b>177.003</b>	<b>185.616</b>	<b>188.056</b>	<b>192.032</b>	<b>194.638</b>	<b>195.663</b>	<b>In Iceland</b>
16–24 ára	35.723	36.338	36.696	37.645	37.097	36.474	16–24 years
25–34 ára	40.852	38.423	38.509	38.928	39.119	38.894	25–34 years
35–44 ára	37.465	40.320	40.810	41.461	42.128	41.870	35–44 years
45–54 ára	26.127	31.962	33.074	34.120	35.186	36.448	45–54 years
55–64 ára	20.367	20.709	21.042	21.714	22.841	23.685	55–64 years
65–74 ára	16.470	17.862	17.925	18.163	18.266	18.291	65–74 years
<b>Erlendis</b>	<b>4.780</b>	<b>6.157</b>	<b>6.307</b>	<b>5.454</b>	<b>5.857</b>	<b>6.571</b>	<b>Abroad</b>
16–24 ára	1.815	1.943	1.831	1.228	1.868	2.250	16–24 years
25–34 ára	1.896	2.572	2.519	2.374	2.597	2.586	25–34 years
35–44 ára	544*	840*	1.022	873*	635*	1.019	35–44 years
45–54 ára	194*	438*	490*	433*	538*	359*	45–54 years
55–64 ára	196*	205*	281*	378*	90*	277*	55–64 years
65–74 ára	136*	158*	164*	169*	130*	81*	65–74 years

**Skýring** Note: Árin 1995–1997 er stuðst við nálgun á meðalmannfjölda en ekki endanlegar tölur. Frá árinu 1998 er meðalmannfjöldi skilgreindur sem mannfjöldi á miðju ári (1. júlí). Between 1995 and 1997 the mean population is a close approximation of the published figures. From 1998 the mean population is defined as the mid-year population.

\* Frávikshlutfall yfir 20%. Relative standard error exceeds 20%.

er hins vegar allstór hópur fólks sem hefur aðsetur erlendis vegna náms eða vinnu lengur en 6 mánuði í senn á ári hverju. Aðeins hluti þessa fólks er skráður með slíkt aðsetur. Sé þessi hópur ekki dreginn frá mannfjöldanum á vinnualdri kemur fram umtalsverður bjagi, mat á heildarstærðum verður ofátlað sem honum nemur. Þess konar skekkja kallast ofþekja.

Í þessari skýrslu hafa því allar áætlaðar heildartölur verið umreiknaðar til samræmis við meðalmannfjölda á viðkomandi ári, eins og Hagstofan reiknar hann, að frádregnum fjölda þeirra sem vinnumarkaðskannanirnar gefa vísendingu um að séu búsettir erlendis en hafa lögheimili á Íslandi. Í töflu 10.4 er birt yfirlit um meðalmannfjölda 2000–2002 eftir aldri og aðsetri eins og hann er metinn skv. þessari aðferð.

Mun erfiðara er að greina vanþekju, þ.e. fólk sem ætti að teljast til þýðisins. Til þessa hóps má telja íslenska ríkisborgara skráða með lögheimili erlendis en sem eru í raun búsettir hér á landi og fólk frá Evrópska efnahags-svæðinu sem býr og vinnur á Íslandi án þess að vera skráð hér með lögheimili.

Rétt er að geta þess að frá og með árinu 1997 hefur Hagstofan notað nýja aðferð við að meta meðalmannfjölda hvers árs. Nú er miðað við stöðu þjóðskrár 30. júní ár hvert eftir að tekið hefur verið tillit til leiðréttinga næstu sex mánuði þar á eftir. Áður var meðalmannfjöldi metinn með vegnu meðaltali mannfjölda 1. desembers ársins og næsta árs á undan að teknu tilliti til aldursdreifingar 31. desember á viðkomandi ári. Munur á þessum tveim aðferðum er hverfandi; innan við 0,1%. Munurinn er að því er virðist án bjaga.

the National Registry, however, there is a sizeable group of people residing abroad because of work or study for more than 6 months at once per year. Only some of these people are registered under such residence. Not subtracting this group from the working-aged population results in a considerable bias, with the estimated total population being overestimated by this quantity. An error of this sort is called overcoverage.

In this report, all the estimated total figures have been converted to correspond to the average population during the relevant year, as calculated by Statistics Iceland, after subtracting the number of those whom labour force surveys indicate to be overseas though having a domicile in Iceland. Table 10.4 shows an overview of the average population during 2000–2002 by age and residence as estimated by this method.

Undercoverage, that is, people who ought to be assigned to the population, is much more difficult to recognise. Icelandic citizens registered as domiciled abroad but in fact living in Iceland could be considered part of this group, along with people from the European Economic Area living and working in Iceland without having their domicile registered here.

It should be mentioned that since 1997 Statistics Iceland has used a new method of estimating the average population for each year, now judging by the status of the National Registry on 30 June each year, account being taken of corrections during the subsequent six months. Previously the average population had been estimated through the weighted average of the population on 1 December each year and at the same date the previous year, taking into

## Tafla 10.5 Heimtur og afföll í hlutfalli af hreinu úrtaki eftir aldri og búsetu 2000–2002

Table 10.5 Response and non-response as percentage of net sample by age groups and regions 2000–2002

	Alls <i>Total</i>			Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>			Utan höfuðborgarsvæðis <i>Other regions</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Svör alls Responses total</b>	<b>85,3</b>	<b>84,4</b>	<b>86,3</b>	<b>83,6</b>	<b>82,4</b>	<b>84,9</b>	<b>88,1</b>	<b>87,6</b>	<b>88,6</b>
16–24 ára years	87,6	86,9	88,3	86,2	85,2	87,4	89,6	89,4	89,8
25–54 ára years	85,0	83,6	86,6	83,3	81,5	85,1	88,1	87,1	89,4
55–74 ára years	84,1	84,6	83,6	82,4	82,6	82,3	86,7	87,6	85,8
<b>Neitanir alls Refusals total</b>	<b>8,6</b>	<b>8,7</b>	<b>8,5</b>	<b>9,8</b>	<b>10,0</b>	<b>9,5</b>	<b>6,7</b>	<b>6,7</b>	<b>6,7</b>
16–24 ára years	6,0	7,0	4,9	6,7	7,7	5,6	4,9	5,9	3,8
25–54 ára years	9,1	9,4	8,8	10,4	11,0	9,7	6,9	6,7	7,1
55–74 ára years	9,6	8,3	10,7	10,6	9,0	12,2	7,9	7,4	8,4
<b>Fjarverandi/finnst ekki alls Not at home/no contact total</b>	<b>5,1</b>	<b>6,0</b>	<b>4,2</b>	<b>5,6</b>	<b>6,7</b>	<b>4,5</b>	<b>4,2</b>	<b>4,8</b>	<b>3,6</b>
16–24 ára years	5,6	5,5	5,7	6,1	6,2	6,0	4,8	4,3	5,4
25–54 ára years	5,2	6,5	3,8	5,7	7,0	4,3	4,4	5,6	3,0
55–74 ára years	4,4	5,1	3,7	5,1	6,4	3,9	3,4	3,2	3,5
<b>Veikir alls Ill/disabled total</b>	<b>1,0</b>	<b>0,8</b>	<b>1,1</b>	<b>1,0</b>	<b>0,8</b>	<b>1,1</b>	<b>0,9</b>	<b>0,8</b>	<b>1,1</b>
16–24 ára years	0,9	0,7	1,1	1,0	0,8	1,1	0,7	0,4	1,1
25–54 ára years	0,6	0,5	0,7	0,6	0,5	0,9	0,6	0,7	0,5
55–74 ára years	1,9	2,0	1,9	1,9	2,1	1,7	2,1	1,8	2,3

**Brottfallsskekkjur.** Í öllum rannsóknum geta niðurstöður skekkst vegna þess að brottfall í úrtakinu dreifist misjafnt eftir hópum. Helstu ástæður brottfalls eru neitanir, hindranir vegna veikinda eða fötlunar, fjarvera frá heimili meðan á könnun stendur eða að ekki tekst að finna aðsetur eða símanúmer þeirra sem eru í úrtakinu.

Yfirleitt reynist erfiðara að ná til karla en kvenna. Oftast er það vegna fjarveru frá heimili eða þess að þeir finnast ekki. Erfiðara er að hafa uppi á ungu fólki í síma en þeim sem eldri eru. Þá reynist fólk á höfuðborgarsvæðinu oftar fjarverandi en fólk annars staðar á landinu.

Höfuðborgarbúar og eldra fólk eru líklegri en aðrir til að hafna þátttöku í rannsókninni. Hins vegar eru konur, fólk utan höfuðborgarsvæðis og fólk á miðjum aldri að jafnaði með hærri svarhlutfall en aðrir þátttakendur enda er að jafnaði auðveldara að ná til þessara hópa í síma en annarra. (Tafla 10.5).

Til þess að minnka bjaga vegna þessa hafa niðurstöður verið vegnar eftir kyni og aldri.

Af einstaka starfsstéttum eru það sjómenn og aðrir sem vinna fjarri heimili sínu sem eru hlutfallslega flestir í hópi þeirra sem annað hvort eru fjarverandi eða finnast ekki. Frá og með nóvember 1993 hefur verið reynt að leysa þetta mál með því að leggja spurningar fyrir maka eða foreldra þessara þátttakenda. Fjöldi slíkra svara er þó óverulegur eða innan við 1% af öllum svörum.

Annars konar brottfall er vegna svara við einstökum spurningum. Þótt einstaklingur sé tilbúinn að taka þátt í rannsókn getur verið að hann vilji ekki svara ákveðnum spurningum, annað hvort vegna þess að hann telur þær of nærgöngular eða hann man ekki eða veit ekki rétta svarið. Einnig getur slíkt brottfall stafað af því að spyrilum hefur láðst að leggja fram spurninguna eða gleymt að skrá svarið.

Í stað þess að láta slíkt brottfall afskiptalaust hefur í þessari skýrslu verið fyllt upp í öll ófullgerð svör með sérstökum aðferðum. Aðferðirnar eru aðallega tvenns konar. Annars vegar hefur líklegt svar verið leitt af svörum annarra líkra svarenda. Til dæmis hafa ónýtt svör um vinnutíma verið reiknuð með tilliti til dreifingar vinnutíma eftir kyni, starfs-hlutfalli og starfsstétt. Einnig hefur líklegt svar verið leitt af öðrum svörum sama einstaklings í sömu könnun eða úr fyrri könnunum sem hann hefur tekið þátt í.

**Aðrar skekkjur.** Öðrum skekkjum má í grófum dráttum skipta í þrjá flokka. Skráningarskekkjur, úrvinnsluskekkjur og sniðskekkjur.

**Skráningarskekkjur.** Spyrjar geta skráð svör viðmælenda sinna ranglega, hlaupið yfir spurningar, ruglast í röð þeirra eða umorðað þær þannig að spurt er um annað en til stóð. Einkum bar á slíkum vandamálum þegar notuð voru prentuð spurningablöð.

account the age distribution on 31 December of the year in question. The difference between these two methods is negligible, or less than 0.1%, and therefore seems to cause no bias.

**Non-response errors.** In all surveys, results may represent errors because of non-response in the sample being unevenly distributed among groups. The main reasons for non-response are refusals, hindrances due to illness or disability, absence from home while the survey is proceeding, or a failure to find the residence or telephone number of those in the sample.

In general, males are more difficult to reach than females, most frequently because of their being absent from home or their not being found. It is more difficult to contact young people by telephone than those who are older, and inhabitants of the capital city region are more often absent than people elsewhere in Iceland.

Refusals to participate in the survey are more prevalent among inhabitants of the capital city region and older persons. In contrast, response rates are higher for women, people outside the capital city region and middle-aged persons, since these groups are usually easier to contact by telephone than others (Table 10.5).

To counter bias because of this, the results have been weighted by sex and age.

Among specific occupational groups, sailors and others working away from home are proportionally more often in the group of those who are either absent or can not be found. Since November 1993 there has been an effort to deal with this problem by asking questions of the spouse or parents of these participants. The number of such answers is nevertheless insignificant, or less than one percent of all responses.

Another type of non-response involves answers to certain queries. Although an individual is ready to take part in the survey, he or she might not wish to answer certain questions, either because they touch that individual too closely or because the individual does not remember or does not know the right answer. In addition, such non-response can stem from the interviewer neglecting to present the question or forgetting to record the answer.


Instead of ignoring such non-response, special methods have been applied in this report to fill in all the incomplete answers. Above all, two methods have been used. Firstly, a probable answer has been deduced from the answers of other similar respondents. Unusable answers on working hours, for example, have been replaced by imputing in regard to the distribution of working hours by sex, the percentage of a full position, and the occupational group. Secondly, a probable response has been deduced from other responses by the same individual, either in the same survey or former surveys in which he or she participated.

**Other errors.** Other errors can generally be classified into three categories: interviewer errors, processing errors and design errors.

**Interviewer errors.** Interviewers can record the answers of their respondents wrongly, omit questions, confuse the order of questions, or rephrase them so as to ask about something other than was intended. These problems were most pronounced when printed question sheets were in use.

### Mynd 10.1 Frávik meðalatvinnuleysis í apríl og nóvember frá ársmeðaltali hvers árs 1982–2002

Figure 10.1 Deviation of April/November average unemployment rates from annual unemployment rates 1982–2002



Í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er reynt að vinna gegn þessu með því að ráða helst spyrsla sem hafa reynslu frá fyrri könnunum, hjálfa þá og fara vandlega yfir spurningalistann áður en könnun hefst.


**Úrvinnsluskekkjur.** Skráningarskekkjur geta líka orðið þegar handskrifaðar upplýsingar eru skráðar í tölvur. Þessu stigi í gagnauðræðslunni var hætt frá og með nóvember 1992 þegar áður nefnt tölvuforrit var tekið í notkun. Í þeirri könnun og könnuninni í apríl 1993 var eigi að síður haldið áfram að skrá upplýsingar um störf og atvinnugrein á

In the LFS an attempt is made to deal with this by preferentially hiring interviewers with experience from earlier surveys, by training interviewers, and by examining the questionnaire carefully before a survey commences.

**Processing errors.** Processing errors can also occur when handwritten data is entered into computers. This stage in data processing has been omitted since November 1992, when the computer programme mentioned above was adopted. Nonetheless, in that survey and the survey in April 1993, data on occupation and economic activity continued

### Mynd 10.2 Frávik meðalfjölda starfandi skv. staðgreiðslugögnum í apríl og nóvember frá ársmeðaltali hvers árs 1998–2002

Figure 10.2 Deviation of April/November average employment from annual employment estimates using tax registers 1998–2002



spurningablöð. Frá 1996 hafa spyrjar flokkað atvinnugreinar í viðtalinu með aðstoð spurningaforritsins.

Skekkiur geta slæðst inn vegna flokkunar einstakra „opinna“ spurninga þar sem svörin eru flokkuð eftir að viðtali lýkur. Hér ber einkum að nefna flokkun á starfsstéttum, atvinnugreinum og menntunarsigli. Slíkar skekkjur geta stafað af ófullnægjandi upplýsingum í frumgögnum, óljósum leiðbeiningum í flokkunarkerfum og mistökum flokkunarfólks.

**Sniðskekkjur.** Ófullnægjandi skipulagning og hönnun rannsóknar getur leitt til niðurstaðna sem eru ekki í samræmi við raunveruleikann. Orðalag spurninga getur valdið misskilningi, mismunandi röð spurninga getur leitt til ólíkra svara og reynsla svarenda af fyrri könnunum getur haft áhrif á svör þeirra. Sé könnun ekki framkvæmd á sama hátt í hvert skipti er hætt á að samburður milli ára verði ónákvæmari en ella. Hér verða nefnd þrjú dæmi um sniðskekkjur, orðalag spurninga, mat á ársmeðaltölum og aðferðir við endurnýjun úrtaksins.

*Orðalag spurninga.* Til og með vinnumarkaðskönnun í apríl 1994 var „ólaunað skyldulið“ aðgreint í spurningum um atvinnustétt með valkostinum „Vinnur við fyrirtæki fjölskyldunnar/með maka, foreldrum eða börnum“. Þetta olli því að sjálfstætt starfandi einstaklingar voru gjarnan flokkaðir með ólaunuðu skylduliði, einkum ef þeir litu svo á að rekstur þeirra væri sameiginlegt verkefni fjölskyldunnar. Frá nóvember 1994 var orðalagi valkostið breytt þannig: „Vinnur við fyrirtæki fjölskyldunnar án launa“. Auk þess voru spyrjum gefnar sérstakar leiðbeiningar um hvernig greina ætti milli sjálfstætt starfandi og ólaunaðs skylduliðs. Þessi breyting hafði það í för með sér að ólaunuðu skylduliði „fækkaði“ úr u.þ.b. 2,6% í innan við 1% af öllum starfandi einstaklingum.

*Tíðni kannana og ársmeðaltöl.* Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er aðeins gerð tvisvar á ári. Það getur leitt til ónákvæmni við mat á stærðum sem eru háðar árstíðabundnum sveiflum. Mat á meðalvinnuleysi á ári er dæmi um slíka stærð þar sem atvinnuleysi einnar viku í apríl og einnar viku í nóvember er notað til að meta meðalfjölda atvinnulausra allt árið. Ef sveiflur í skráðu atvinnuleysi undanfarinna tuttugu ára eru skoðaðar virðist þó sem meðaltal mánaðanna apríl og nóvember gefi allgöða mynd af meðalvinnuleysi hvers árs (sjá mynd 10.1). Á þessu tuttugu ára tímabili var munurinn á meðaltali þessara mánaða og meðaltali alls ársins mest 316 einstaklingar. Yfirleitt var meðalvinnuleysi í apríl og nóvember nokkru lægra en ársmeðaltalið, einkum fram til ársins 1988.

Hingað til hefur ekki verið hægt að meta tölur um fjölda starfandi fólks með sama hætti. Frá og með desember 2001 hefur Hagstofan hins vegar birt fréttatilkynningar um áætlaðan fjölda starfandi eftir ársfjórðungum. Þær tölur eru byggðar á staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Þessar upplýsingar má nota með sama hætti og skráð atvinnuleysi til að meta hversu vel kannanir í apríl og nóvember mæla meðalfjölda starfandi á árinu. Á árunum 1998–2002 lá meðaltal apríl og nóvembermánaða samkvæmt staðgreiðslugögnum 0,4–2,4% undir ársmeðaltali áruna (sjá mynd 10.2).

to be recorded on questionnaire sheets. Since 1996, interviewers have classified economic activity during the interview, assisted by the interviewing programme.

The classification of certain “open” questions after the interview is finished can also lead to errors, in which connection the categorisation of occupation, economic activity and educational level should be especially mentioned. These errors can result from insufficient information in the original documentation, unclear instructions in the classification systems, and mistakes by those classifying.

**Design errors.** Unsatisfactory organisation and design of the survey can lead to results which do not correspond to reality. The phrasing of questions can cause misunderstandings, a different ordering of the questions can result in dissimilar answers, and the experience of the respondents from former surveys can influence their answers. If the survey is not performed in the same manner every time, there is a risk of the comparison between years becoming less accurate than otherwise. Three examples will be mentioned here on design errors: question phrasing, the estimation of annual averages and schemes for renewing the sample.

*Question phrasing.* Through the LFS in April 1994, “unpaid family worker” was distinguished in the questionnaire about employment status by the choice “works at a family business/with spouse, parents or children”. This led to the self-employed often being classified with unpaid family workers, particularly if they viewed their operations as a common task of the family. Since November 1994 this choice has been rephrased to “works at a family business without pay”, besides the interviewers being given special instructions on how they should differentiate the self-employed from unpaid family workers. This modification resulted in a “drop” in the number of unpaid family workers from approximately 2.6% to less than 1% of all working individuals.

*Frequency of the survey and annual estimates.* The fact that the Statistics Iceland labour force survey is only conducted twice each year can lead to inaccuracy in estimating the numbers which depend on seasonal variations. The estimation of average unemployment each year exemplifies such a number, since the unemployment of one week in April and one week in November is used to estimate the average number of unemployed during the whole year. If fluctuations in registered unemployment in the past twenty years are examined, however, it appears that the average of the months April and November gives a quite good picture of the average unemployment for each year (see Figure 10.1) In this twenty-year period the greatest difference in the average of these months and the average for the entire year was 316 individuals. Normally the average unemployment in April and November was somewhat lower than the yearly average, especially till 1988.

Until now, it has not been possible to estimate the number of employed persons in the same manner. Nevertheless, since December 2001 Statistics Iceland has published news releases on the estimated number of the employed by quarters, basing the figures on the monthly pay-as-you-

*Endurnýjun úrtaksins.* Fjórðungur úrtaksins er endurnýjaður í hvert skipti sem könnun fer fram. Það hefur áhrif á aldursskiptingu úrtaksins. Á hverju vori er t.d. engin eftir í úrtakinu í aldurshópnum 16 ára. Þeir sem áður voru 16 ára hafa nú elst um eitt ár. Endurnýjun úrtaksins veldur því að 16 ára aldurshópurinn er aðeins fjórðungur af því sem hann ætti að vera ef úrtakið væri allt valið í einu. Skekkan er helmingi minni fyrir 17 ára aldurshópin og hverfur frá og með 18. aldursári. Þetta getur leitt til ofmats á fjölda fólks á vinnu-markaði þar sem lítil atvinnuþátttaka tveggja yngstu aldurs-hópanna ætti að öllu jöfnu að hafa áhrif til lækkunar á mati á atvinnuþátttöku heildarinnar. Við þessu hefur verið brugðist með því að taka sérstakt tillit til 16 og 17 ára einstaklinga þegar úrtakið er vegið. Eins og getið var hér að framan var úrtökurammanum breytt í nóvember 1994 til að þessir tveir aldurshópar skili sér hlutfallslega rétt í úrtakið.

#### 10.1.4 Hugtök

**Aldur.** Miðað er við aldur sem svarendur hafa náð 15. dag könnunarmánaðar. Í vorkönnunum 1993, 1995, 1998 og 2001 var þó miðað við 1. apríl hvert ár.

**Atvinnugrein.** Atvinnustarfsemi þeirra fyrirtækja sem fólk starfar hjá eða starfaði síðast hjá er flokkuð í samræmi við Íslenska atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 95, sem byggð er á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE (1. endursk.). Atvinnustarfsemi er flokkuð með fjögurra tölustafa atvinnugreinarúmeri. Námugröftur er talinn með iðnaði. Heimilishald með launuðu starfsfólki og starfsemi alþjóðlegra stofnana er talið með annarri samfélagsþjónustu, félagsstarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.

**Atvinnustétt.** Fjórar atvinnustéttir eru skilgreindar í vinnu-markaðsrannsókn Hagstofunnar: Launþegar, einyrkjar, atvinnurekendur og ólaunað skyldulið. Í þessari skýrslu er einyrkjum og atvinnurekendum slegið saman í einn hóp, sjálfstétt starfandi einstaklingum. Launþegar eru starfandi einstaklingar sem telja sig launþega eða eru á undirverktaka-samningi með starfsskyldur launþega. Til launþega teljast einnig þeir sem eru atvinnulausir og eru að leita sér að vinnu sem launþegar og hafa ekki leitað eftir leyfum, fjárhagsaðstoð, lóð eða þ.h. í þeim tilgangi að hefja sjálfstæðan rekstur.

Í nóvember 1994 var orðlagi spurningar um atvinnustétt breytt til að tryggja að eingöngu ólaunaðir fjölskyldu-meðlimir flokkuðust sem "ólaunað skyldulið." Fram að því hafði borið á því að sjálfstétt starfandi einstaklingar með fjölskyldurekstur væru ranglega flokkaðir sem ólaunað skyldulið.

**Atvinnuþátttaka.** Í vinnu-markaðsrannsókn Hagstofunnar er fylgt skilgreiningum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) á grundvallarhugtökum um vinnu-markað en

earn (PAYE) files of the Internal Revenue Directorate. For the period 1998-2002 the average for the months of April and November according to pay-as-you-earn data lay 0.4-2.4% under the average annual number for those years (cf. Figure 10.2).

*Renewal of the sample.* One-fourth of the sample is renewed each time the survey occurs, which affects the age composition of the sample. Each spring, for instance, there is no one left in the sample from the 16-year-old group; those who were 16 before have now become a year older. Renewing the sample results in the 16-year-old group being only a fourth of what it should be if the sample were all chosen at once. This error diminishes by half for the group of 17-year-olds and disappears by the age of 18. This can result in overestimating the total rate of participation in the labour market, as the low activity rate of the two youngest age groups should normally have a lowering effect on estimates of the overall activity rate. This has been dealt with by paying particular attention to 16 and 17-year-old individuals when weighting the sample. As mentioned above, the sampling frame was altered in November 1994 in order to ensure correctly proportional representation of these two age cohorts in the sample.

#### 10.1.4. Concepts

**Age.** The criterion is the age respondents have reached by the 15th day of the survey month, except in the spring surveys of 1993, 1995, 1998 and 2001, in each of which years the reference date was instead 1 April.

**Economic activity.** The economic activity of the firms for which people work or were last working is classified in accordance with the Icelandic classification of economic activity, ÍSAT 95, which is built on the EU classification of economic activity, NACE (Rev. 1). Economic activity is classified through a four-digit economic activity code. Mining is included with industry, while housework performed by paid employees and the activities of international institutions are reported together with other social services, services by organisations, cultural activities, etc.

**Status in employment.** Four status categories are defined for the LFS: employees, the self-employed, employers and unpaid family workers. In this report all self-employed persons are joined with employers in a single group: independently employed individuals. Employees are working individuals who identify themselves as employees or are under a "sub-contract" with the working obligations of employees. In addition, those unemployed persons who are seeking work as employees and have not looked for permits, financial assistance, premises and so forth in order to set up their own business are accounted employees.

In November 1994 the wording of the question on employment status was changed in order to ensure that only unpaid members of the family would be classified as "unpaid family workers". Until then it happened that self-employed individuals with a family business were wrongly classified as unpaid family workers.

**Labour force participation.** The LFS follows the ILO definitions of basic concepts about the labour market, since they are used internationally. The main definitions are as below:

þær eru notaðar á alþjóðavettvangi. Helstu skilgreiningar eru þessar:

**Atvinna.** Hvers konar vinna gegn endurgjaldi í peningum eða fríðu, ólaunuð vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, ólaunuð vinna við byggingu eigin íbúðarhúsnæðis eða fram-leiðslu til eigin neyslu. Ennfremur vinna við listsköpun jafnvel þótt viðkomandi hafi ekki tekjur af henni. Ólaunuð vinna við heimilishald á eigin heimili telst ekki vera atvinna.

**Atvinnulausir.** Þeir teljast atvinnulausir sem ekki hafa atvinnu og falla undir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa leitað sér vinnu sl. fjórar vikur og eru tilbúnir að hefja störf innan tveggja vikna frá því könnunin er gerð.
2. Hafa fengið starf sem hefst innan þriggja mánaða en gætu hafið störf innan tveggja vikna. (Fram til ársins 2002 var miðað við að nægilegt væri að starfið hæfist innan fjögurra vikna án þess að athugað væri hvort viðkomandi gæti byrjað innan tveggja vikna).
3. Bíða eftir að vera kallaðir til vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna.
4. Hafa gefist upp á að leita að atvinnu, vilja þó vinna og geta hafið störf innan tveggja vikna.

Námsmenn, þ.m.t. þeir sem leita námssamnings í iðngrein, teljast því aðeins atvinnulausir að þeir hafi leitað eftir vinnu með námi eða framtíðarstarfi sl. fjórar vikur og séu tilbúnir að hefja störf innan tveggja vikna frá því könnunin var gerð.

**Starfandi.** Fólk telst vera starfandi (hafa atvinnu) ef það hefur unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarvikunni eða verið fjarverandi frá starfi sem það gegnir að öllu jöfnu. Einstaklingur í barneigna-leyfi telst vera fjarverandi frá vinnu hafi hann farið í leyfi úr launuðu starfi jafnvel þótt hann hafi ekki hug á að hverfa aftur til sama starfs.

**Utan vinnuafls.** Fólk telst utan vinnuafls ef það er hvorki í vinnu né fullnægir skilyrðum um að vera atvinnulaust.

**Vinnuafll** telst vera starfandi og atvinnulaust fólk.

**Búseta.** Úr þjóðskrá fást upplýsingar um sveitarfélag og póstfang svarenda. Búsetuskipting í þessari skýrslu er höfuðborgarsvæði og sveitarfélög utan þess. Búseta er flokkuð eftir lögheimili í þjóðskrá eða nýjum upplýsingum um svar-endur meðan á könnun stendur.

Á höfuðborgarsvæði eru eftirtalin sveitarfélög: Reykjavík, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur (fram til 1997) og Kjósarhreppur.

**Hjúskaparstétt.** Nokkuð er um það að hjúskaparstétt svarenda, eins og þeir skilgreina hana sjálfir, beri ekki saman við þjóðskrá. Ekki er óalgengt að fráskildir eða ekkjur og ekkjar segist vera ógiftir þegar þeir eru spurðir um hjúskaparstöðu. Hluti fólks í óvígðri sambúð telur sig búa í hjónabandi. Séu svör um hjúskaparstétt greinilega röng, miðað við þjóðskrárupplýsingar, eru þau leiðrétt.

